

Nefndarsvið
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2015

Efni: Breytingartillaga MP banka hf. við 571. mál; frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáráukar, o.fl.).

MP banki hf., kt. 540502-2930, Ármúla 13a, 108 Reykjavík (hér eftir „MP banki“ eða „bankinn“), vísar til umsagnar bankans, dags. 24. mars 2015, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáráukar, o.fl.), sbr. fylgiskjal 2 við erindi þetta. Ítrekar bankinn þau sjónarmið sem þar koma fram.

Þá vísar bankinn jafnframt til og þakkar fyrir fund fulltrúa bankans með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 20. apríl sl. og þá áheyrn sem bankinn hlaut. Á fundi nefndarinnar rakti bankinn sérstaklega, sbr. það sem fram kom í framangreindri umsögn hans, að við setningu íþyngjandi lagaákvæða beri að gera skýran greinarmun á fjármálafyrirtækjum sem eru kerfislega mikilvæg annars vegar og smærri fjármálafyrirtækjum hins vegar. Einkum og sér í lagi til þess að setja ekki frekari samkeppnisskorður á fjármálamarkaði en nú þegar eru fyrir hendi. Þá leyfir bankinn sér að ítreka sjónarmið um að innleiðingu eiginfjáráuka verði ekki hraðað óþarflega og að henni verði í það minnsta hagað með sambærilegum hætti og í nágrannaríkjum okkar.

Í tilefni af þeim umræðum sem fram fóru á fundinum vill bankinn koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Í fyrsta lagi vill bankinn leggja áherslu á að takmörkun á breytilegum starfskjörum lækkar ekki launakostnað í fjármálakerfinu né kemur í veg fyrir að hæft starfsfólk fái há laun. Takmörkun á breytilegum starfskjörum stuðlar ekki að neins konar launabaki heldur gerir það þvert á móti að verkum að fjármálafyrirtæki þurfa að greiða hæfu starfsfólki hærri grunnlaun en ella. Takmörkunin eykur því rekstrarkostnað og skapar ójafnvægi milli annars vegar tekna sem alla jafna eru breytilegar, s.s. í fyrirtækjaráðgjöf, og hins vegar fasts launakostnaðar. Stóru viðskiptabankarnir þrír finna umtalsvert minna fyrir því að hækka grunnlaun starfsfólks en smærri fjármálafyrirtæki. Sú aukning í föstum rekstrarkostnaði sem takmörkun á breytilegum starfskjörum felur í sér vegur hins vegar mjög þungt hjá smærri fjármálafyrirtækjum og hamlar verulega möguleika þeirra á að veita stóru bönkunum þremur virka samkeppni.

Í CRD IV eru skilyrði um að helmingur breytilegra starfskjara skuli vera í formi hlutabréfa. Hlutabréf í smærri óskráðum fyrirtækjum eru ekki eins seljanleg og í stærri

fyrirtækjum, sem eru eða verða jafnvel innan tíðar skráð á skipulegan verðbréfamarkað, og verðmyndun því óskilvirkari. Skekkir þetta verulega stöðu smærri fjármálafyrirtækja gagnvart þeim stærri.

Í ljósi framangreinds er það því mjög mikilvægt fyrir smærri fjármálafyrirtæki að hafa aukinn sveigjanleika til þess að hækka hlutfall breytilegra starfskjara, í það minnsta allan þann sveigjanleika sem CRD IV býður upp á.

Í öðru lagi telur bankinn rétt að geta þess, í ljósi sjónarmiða sem fram komu á framangreindum fundi varðandi mun á innlánsstofnunum og verðbréfafyrirtækjum, að innlánsstofnanir lúta umfangsmeira og strangara eftirliti eftirlitsaðila en verðbréfafyrirtæki, með hagsmuni innlánseigenda og fjármálamarkaðarins að leiðarljósi. Það er því ekki hægt að bera saman áhættu af starfsemi innlánsstofnunar og verðbréfafyrirtækis með þeim einfalda hætti sem fram kom á fundinum. Ef samkeppni á að þrífast á viðskiptabankamarkaði er einfaldlega ekki mögulegt að fella smærri innlánsstofnanir alfarið undir sama hatt og kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Sú nálgun gerir það að verkum að samkeppni getur einfaldlega ekki þrífist. Bankinn leggur áherslu á að það er fjármálamarkaðnum og neytendum til hagsbóta að samkeppni á viðskiptabankamarkaði verði aukin en henni ekki settar slíkar hindranir að innkoma nýrra aðila á markaðinn verði nær ómöguleg.

Virðulegur formaður efnahags- og viðskiptanefndar bauð bankanum að senda drög að breytingartillögu við framangreint frumvarp, m.t.t. umsagnar bankans. Bankinn þakkar fyrir það tækifæri og í fylgiskjali 1 við erindi þetta má sjá drög að breytingartillögu sem byggist á framangreindum sjónarmiðum, sbr. einnig umsögn bankans.

Undirrituð veita allar frekari upplýsingar um framangreint verði eftir þeim óskað.

Virðingarfyllst,
F.h. MP banka hf.



Wilja Jensen, hdl.
Staðgengill yfirlögfræðings



Thomas Skov Jensen
Forstöðumaður áhættustýringar

Fylgiskjöl:

1. Drög að breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjárárukar o.fl.).
2. Umsögn MP banka hf., dags. 24. mars 2015.

144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal [*] — 571. mál.
[*]. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáraukar o.fl.).

Frá [*]

1. Fyrstu þrjú málslíðir 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins falla á brott og hefst 1. mgr. 10. gr. því á orðunum: „Viðskipti fjármálafyrirtækis við eigendur virkra eignarhluta [...]“
2. Orðin „og hafa lokið háskólaprófi sem nýttist í starfi“ í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins falla á brott.
3. 2. málslíður 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins fellur á brott.
4. Í stað orðanna „ekki nema hærri fjárhæð en 25% af föstum starfskjörum“ í b. lið 26. gr. frumvarpsins komi: „ekki nema hærri fjárhæð en 100% af föstum starfskjörum“.
5. Aftan við 1. málslíð 1. mgr. b. liðar 26. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður og verður hann svohljóðandi: „Hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda fjármálafyrirtækis getur með 2/3 hluta greiddra atkvæða, ef mættir eru á fundinn hluthafar sem fara með að minnsta kosti helming atkvæðisréttar í fjármálafyrirtækinu, eða að öðrum kosti hluthafar sem fara með ¼ hluta atkvæða, ákveðið að samtala ákvarðaðra breytilegra starfskjara starfsmanns geti numið allt að 200% af föstum starfskjörum. Tilkynna skal í fundarboði að til standi að bera ákvörðun um hærri samtölu breytilegra starfskjara en 100% af föstum starfskjörum undir fundinn. Fjármálafyrirtæki skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíka ákvörðun. Ef slík ákvörðun mun koma til með að hafa áhrif á launakjör starfsmanna sem einnig eru hluthafar í fjármálafyrirtæki er þeim starfsmönnum ekki heimilt að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundi eða fundi stofnfjáreigenda.“
6. Við b. lið 26. gr. frumvarpsins bætist ný 2. mgr. og verður hún svohljóðandi: „Þrátt fyrir 2. mgr. skal samtala ákvarðaðra breytilegra starfskjara starfsmanns sem telst hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis sem telst kerfislega mikilvægur aðili samkvæmt skilgreiningu fjármálastöðugleikaráðs samkvæmt d. lið 2. mgr. 4. gr. laga um fjármálastöðugleikaráð nr. 66/2014, aldrei nema hærri fjárhæð en 25% af föstum starfskjörum hlutaðeigandi starfsmanns. Hluthafafundi eða fundi stofnfjáreigenda slíkra aðila er ekki heimilt að ákvarða hærra hlutfall af föstum starfskjörum.“
7. Í samræmi við 3. lið þessarar breytingatillögu verður 2. mgr. b. liðar 26. gr. frumvarpsins að 3. mgr. sömu greinar.

Nefndarsvið
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2015

Efni: Athugasemdir MP banka hf. við 571. mál; frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáraukar, o.fl.).

1. Inngangur

MP banki hf., kt. 540502-2930, Ármúla 13a, 108 Reykjavík (hér eftir „MP banki“ eða „bankinn“), hefur yfirfarið frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáraukar, o.fl.), þ.e. 571. mál.

Bankanum er kunnugt um að Samtök fjármálafyrirtækja (hér eftir „SFF“) koma jafnframt til með að skila nefndarsviði athugasemdum við frumvarpið og tekur MP banki undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Hins vegar telur bankinn mikilvægt að koma á framfæri nokkrum athugasemdum til viðbótar, einkum og sér í lagi með hagsmuni smærri fjármálafyrirtækja að leiðarljósi.

Almennt séð telur bankinn að gera þurfi að gera skýran greinarmun á kröfum sem gerðar eru til stærri og kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja annars vegar og hins vegar til minni fjármálafyrirtækja sem ekki teljast kerfislega mikilvæg og sem nú þegar standa höllum fæti samkeppnislega gagnvart stóru bönkunum þremur. Að setja smærri fjármálafyrirtæki alfarið undir sama hatt og hin sameiginlega markaðsráðandi fjármálafyrirtæki er einungis til þess fallið að draga enn frekar úr samkeppni sem aftur bitnar endanlega á viðskiptavinum.

2. Almennar athugasemdir

MP banki tekur heils hugar undir athugasemd SFF við að í frumvarpinu sé að finna sérislenskar reglur. Frávik frá þeirri löggjöf sem í gildi er á evrópska efnahagssvæðinu eru einungis til þess fallin að auka óskilvirkni á fjármálamarkaði og á sama tíma minnka gagnsæi. Sérislenskar reglur eru til þess fallnar að auka flækjustig fyrir fjármálafyrirtæki sem leiðir til aukins rekstrarkostnaðar innlendra fjármálafyrirtækja. Auk þess að leiða til dýrari lánskjara fyrir viðskiptavinum allra fjármálafyrirtækja hér á landi leiðir framangreind niðurstaða jafnframt til þess að samkeppnisstaða innlendra fjármálafyrirtækja skekkist. Hinn aukni rekstrarkostnaður sem sérislenskar lagareglur á fjármálamarkaði leiða af sér leggst hlutfallslega þyngra á minni fjármálafyrirtæki þar sem sú aukna vinna sem slíkt hefur óhjákvæmilega í för með sér er hlutfallslega meiri hjá smærri fjármálafyrirtækjum.

MP banki tekur jafnframt undir athugasemdir SFF hvað eiginfjáruka varðar, þ.e. bæði athugasemd um að innleiðing skuli fara fram í áföngum sem og innleiðingarhraða. Enn liggur ekki fyrir hvornig tæknileg útfærsla eiginfjárukana kemur til með að vera og fær bankinn ekki séð nauðsyn þess að fara fram úr evrópska regluverkinu hvað innleiðingarhraða varðar. Í öllu falli telur bankinn eðlilegt að smærri fjármálafyrirtæki, sem ekki geta talist kerfislega mikilvæg á fjármálamarkaði, fái lengri frest til innleiðingar eiginfjárukana í ljósi þess að afleiðingar reglnanna fyrir smærri fjármálafyrirtæki hafa ekki verið kannaðar til hlítar. Jafnframt liggur það fyrir að kostnaður við innleiðingu reglnanna er hlutfallslega hærri fyrir smærri fjármálafyrirtæki, sbr. umfjöllun hér að framan.

Í þónokkrum ákvæðum frumvarpsins eru Fjármálaeftirlitinu veittar heimildir til að veita undanþágur frá ákvæðum laganna. Slíkar undanþáguheimildir til handa eftirlitsaðila eru óskilvirkar og skapa óvissuástand fyrir fjármálafyrirtæki, auk þess að leiða til ógagnsæis á markaði. Þá er það gríðarlega íþyngjandi fyrir smærri fjármálafyrirtæki, sem eiga undir samkeppnislegt högg að sækja gagnvart hinum þremur markaðsráðandi bönkum, að sækja um undanþágur í gríð og erg frá eftirlitsaðilum. Eðlilegra væri að innleiða undanþágur beint í lög þar sem þær eiga við, þ.e. miðað við stærðarmörk eða miðað við kerfislegt mikilvægi. Eins og SFF bendir á eru slíkar undanþáguheimildir líklegar til að valda fjármálafyrirtækjum auknum kostnaði, sem leggst hlutfallslega þyngra á smærri fjármálafyrirtæki.

3. Athugasemdir við einstök ákvæði

(i) Orðskýringar; 1. gr. frumvarps

Bankinn gerir athugasemd við hugtakið „yfirstjórn“ og telur hugtakið í fyrsta lagi óþarft og í öðru lagi ekki nægilega vel skilgreint. Telst regluvörður fjármálafyrirtækis t.d. til yfirstjórnar? Bankinn telur óheppilegt að innleiða nýtt hugtak, sem ekki á sér stoð í lögum um hlutafélög, einungis í þeim tilgangi að takmarka breytileg starfskjör. Nýtt hugtak, sem ekki er nægilega vel skilgreint, er einungis til þess fallið að valda rugllingshættu og ljóst er að vel má ná tilgangi um takmörkun á breytilegum starfskjörum án þess að innleiða nýtt hugtak í lög, s.s. með því að styðjast við þær lagaskilgreiningar sem þegar eru fyrir hendi. Hugtakið „lykilstarfsmenn“ ætti þannig að vera nægilegt til þess að ná framangreindum tilgangi að meginstefnu til. Ef löggjafinn telur svo ekki vera væri eðlilegra að bæta annað hvort umrædda skilgreiningu á „lykilstarfsmönnum“ eða tiltaka í viðkomandi ákvæði nákvæmlega þá aðila sem ákvæðið skal ná til.

(ii) Lánveitingar; 10. gr. frumvarps

Hin séríslenska regla sem sett var eftir bankahrunið, sem fjallað er um í 10. gr. frumvarpsins, er gríðarlega takmarkandi fyrir rekstur fjármálafyrirtækja. Sérstaklega á þetta við um smærri fjármálafyrirtæki og eykur reglan hættuna á að fjármálafyrirtæki missi yfirsýn yfir fjárhagsstöðu lykilstarfsmanna sinna. MP banki leggur til að fyrstu þrjú málsliðir ákvæðisins verði felldir út eða í það minnsta dregið verulega úr takmörkun. Til að ná þeim tilgangi sem ákvæðinu er væntanlega ætlað að ná væri þess í stað mögulegt að skylda fjármálafyrirtæki til að setja sér reglur varðandi umræddar lánveitingar og kveða á um auka skýrsluskil fjármálafyrirtækja til eftirlitsaðila þar að lútandi.

(iii) Hæfisskilyrði stjórnar; 19. gr. frumvarps

MP banki tekur undir athugasemdir SFF við hæfisskilyrði í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins um háskólapróf sem nýtist í starfi. Erfitt getur verið fyrir smærri fjármálafyrirtæki að uppfylla þessi skilyrði þar sem hæft fólk er oft frátekið í öðrum stjórnarstörfum og staðbundin þekking er mögulega nauðsynleg, t.d. á landsbyggðinni. Telur bankinn eðlilegt að byggja frekar á því skilyrði sem fram kemur í 4. mgr. ákvæðisins, þ.e. um samsetningu stjórnar hvað þekkingu og reynslu varðar. Þá telur bankinn ekki eðlilegt að FME hafi undanþáguheimild hvað þetta varðar heldur er eðlilegast að það sé í höndum hluthafafundar félagsins að kjósa hæfustu einstaklingana í stjórn.

(iv) Reglur um kaupauka; 25. og 26. gr. frumvarps

MP banki tekur jafnframt heils hugar undir athugasemdir SFF við reglur um kaupauka sem fram koma í 25. og 26. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er til þess fallið að auka fastakostnað fjármálafyrirtækja þar sem reglurnar hafa áhrif til hækkunar fastra launa í fjármálakerfinu. Þar hallar verulega á smærri fjármálafyrirtæki sem keppa við stóru bankana þrjá um að laða til sín hæft starfsfólk.

Þá gerir bankinn einnig athugasemd við að helmingur allra breytilegra launagreiðslna skuli vera í formi hlutafjár með þriggja ára frestun. Þetta er gríðarlega þungt í framkvæmd t.d. þegar um tímabundnar en arðbærar ráðningar er að ræða. Þá er jafnframt verulegur munur á því hvernig virðismat hlutafjár fer fram fyrir smærri óskráð félög miðað við stærri félög sem koma til með að verða skráð á markað á næstu misserum. Það skekkir samkeppnisstöðu smærri óskráðra fjármálafyrirtækja við að laða til sín hæfasta fólk. Bann við kaupauka til handa stjórnarmönnum er sama marki brennt, þ.e. það gerir smærri fjármálafyrirtækjum erfiðara um vik að laða til sín hæft fólk í stjórn.

Bankinn leggur því til að smærri fjármálafyrirtækjum, þ.e. fjármálafyrirtækjum sem ekki teljast kerfislega mikilvæg, verði veitt undanþága frá umræddum hömlum hvað kaupauka varðar eða hafi í það minnsta meira svigrúm til þess að vera samkeppnishæfir um hæft starfsfólk.


4. Niðurlag

Bankinn tekur undir allar athugasemdir SFF við framangreint frumvarp en leggur sérstaka áherslu á (i) að fallið verði frá séríslenskum reglum og (ii) að gætt verði að samkeppnisstöðu smærri fjármálafyrirtækja við innleiðingu íþyngjandi ákvæða.

Undirrituð veita allar frekari upplýsingar um framangreint verði eftir þeim óskað.

Virðingarfyllt,
F.h. MP banka hf.


Lilja Jensen, hdl.
Staðgengill yfirlögfræðings


Thomas Skov Jensen
Forstöðumaður áhættustýringar